



MANNVIT



## Iðnaðarsvæði á Bakka, Norðurþingi

Deiliskipulag 2. áfangi

Skipulagslýsing **Drög 27.11.2013**

Nóvember 2013



MANNVIT



*Mannvit Verkfræðistofa*

Grensásvegur 1  
108 Reykjavík  
Sími: 422 3000  
Fax: 422 3001  
@: mannvit@mannvit.is  
www.mannvit.is

# Efnisyfirlit

---

1.	Inngangur.....	2
2.	Aðalskipulag, forsendur deiliskipulags. ....	4
3.	Staðhættir á skipulagssvæði. ....	6
4.	Fornleifar. ....	6
5.	Umhverfisáhrif. ....	6
6.	Skipulagsferli.....	6
7.	Heimildir. ....	7

## 1. Inngangur

Sveitarfélagið Norðurþing vinnur að gerð 2. áfanga deiliskipulags fyrir hluta iðnaðarsvæðis á Bakka norðan við Húsavík (sjá mynd 1). Skipulagsverkefnið nefnist: **Iðnaðarsvæði á Bakka, Norðurþingi, deiliskipulag 2. áfangi**

Norðurþing hefur þegar látið deiliskipuleggja 1. áfanga innan iðnaðarsvæðisins. Sá áfangi er einkum unninn m.t.t. iðnaðaruppbyggingar á vegum PCC SE, sem hyggst reisa verksmiðju til framleiðslu á kísilmálmvi við Bakka á Húsavík.

Tilfni 2. áfanga deiliskipulags er ósk um úthlutun lóðar undir steypustöð sem ætlað er að sinna nauðsynlegri þjónustu á sínu sviði við uppbyggingu á Bakka. Sú lóð gæti einnig nýst undir aðra plássfreka starfsemi, breytist forsendur vegna steypustöðvar.

Gert er ráð fyrir að stærð lóðar undir steypustöð verði 4,2 ha. Innan skipulagssvæðisins eru einnig skilgreindar tvær aðrar iðnaðar-/þjónustulóðir sem ætlaðar eru minni fyrirtækjum einkum er sinna þjónustu á svæðinu.

Við gerð 1. áfanga deiliskipulags á Bakka var mótuð stefna um mögulega útfærslu á öllu svæðinu til að skapa samræmda heildarsýn. Yfirlitsmyndin sem sýnir þá stefnu, mynd 2, er ekki hluti af skipulaginu sjálfu og því ekki bindandi fyrir frekari uppbyggingu þess. Útfærslan mun engu að síður verða nýtt sem leiðarljós við frekari uppbyggingu sveitarfélagsins á iðnaðarsvæðinu á Bakka. Fyrirhugaður 2. áfangi deiliskipulags iðnaðarsvæðis á Bakka fylgir þeirri stefnu eða heildarsýn sem sett var fram í fyrstu.

Deiliskipulagstillagan mun byggja á fyrirliggjandi upplýsingum um staðhætti og stefnu sveitarfélagsins um uppbyggingu á svæðinu. Skipulagslýsing þessi verður send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynnt almenningi. Mikilvægt er að umsagnaraðilar komi sjónarmiðum og ábendingum á framfæri á vinnslutíma skipulagstillögunnar.

Greinargerð þessi er unnin í samræmi við 1. mgr. 40. greinar skipulagslaga nr. 123/2010

Hér á eftir er gerð grein fyrir forsendum skipulagsins, fyrirliggjandi stefnu og áherslum sveitarstjórnar. Auk þess er greint frá staðháttum, fyrirhuguðum áherslum og áformuðum kynningar- og samráðsferlum.



**Mynd 1.** Iðnaðarsvæði á Bakka ( mkv. ~1 : 15.000 )

Á mynd 1 er iðnarsvæði aðalskipulags (I-1) sýnt með rauðri útlínu (143 ha vestan þjóðveggar og 58 ha austan hans).

Skipulagt iðnaðarsvæði í 1. áfanga, ásamt útivistarsvæði innan þess er samtals 78,6 ha.

Svæði deiliskipulagstillögu 2. áfanga, skástrikað svæði, er samtals 6,6 ha.



## 2. Aðalskipulag, forsendur deiliskipulags

Í Aðalskipulagi Norðurlþings 2010–2030, Húsavík, sem staðfest var af umhverfisráðherra þann 22.12.2010 segir eftirfarandi um iðnaðar- og athafnasvæði norðan Húsavíkur:

### Iðnaðarsvæði:

*„Iðnaðarsvæði I-1, Bakki norðan við Húsavík, 201 ha*

*Gert er ráð fyrir 188 ha [201 ha] svæði fyrir stóriðju og annan tengdan iðnað. 143 ha svæði er vestan Þjóðveggar og 58 ha austan hans. Á svæðinu er heimilt að reisa allt að 346.000 tonna álver og tilheyrandi mannvirki. Þar er einnig heimilt að reisa mannvirki og starfrækja atvinnufyrirtæki sem hafa hag af nálægð við álver eða við Þjóðveg og höfn. Í deiliskipulagi verði gerðar strangar kröfur um vandað útlit mannvirkja, frágang umhverfis og umgengni á svæðinu.*

*Iðnaðarsvæðið stækkar úr 105 í 201 ha frá Aðalskipulagi Húsavíkur 2005-2025. Stækkunin til suðurs er gerð til að svæðið rúmi það álver sem er í undirbúningi en það er stærra en áður var gert ráð fyrir. Iðnaðarsvæðið er einnig látið ná til alls þynningarsvæðis álversins og er það sýnt á þéttbýlisupprætti, en endanleg þynningarsvæði verður ákveðið af Umhverfisstofnun við útgáfu starfsleyfis.*

*Svæði vestan Þjóðveggar stækkar úr 87 ha í 143 ha svæði vestan Þjóðveggar og austan Þjóðveggar stækkar svæðið úr 18 ha í 58 ha.*

*Svæðið er einnig afmarkað nær sjó en í Aðalskipulagi Húsavíkur 2005-2025. Við gerð deiliskipulags skal þess gætt að ekki sé byggt nær sjó en 50 m og að ekki verði hindruð leið fótgangandi meðfram honum (sbr. skipulagsreglugerð gr. 4.15.2) og tryggja skal aðgengi almennings að náttúruminjasvæði á Bakkahöfða, sbr. einnig gönguleið sem sýnd er á þéttbýlisupprætti, til nánari útfærslu í deiliskipulagi.“*

Forsendur hafa breyst frá því að aðalskipulag var samþykkt í desember árið 2010. Áform um eitt stórt iðjuver á Bakka hafa verið slegin út af borðinu og er nú stefnt að uppbyggingu fleiri en smærri aðila svo sem fram hefur komið í inngangi. Áformað er að svæðið byggist upp í nokkrum áföngum og er þetta deiliskipulag 2. áfangi í þeirri vegferð.

### 3. Staðhættir á skipulagssvæði

Svæðið afmarkast af Þjóðvegi 85 norður frá Húsavík, ofan helgunarsvæðis vegarins, og nær um 285 m í austur frá veginum og eru austurmörk þess samsíða veginum. Suðurmörk svæðisins eru skammt norðan Bakkaár. Norðurmörk eru við fyrirhugaða lóð undir spennivirki Landsnets sem skilgreint er í 1. áfanga deiliskipulags. Skipulagssvæðið er að mestu gróið lyngmóa en melar eru ofan til. Svæðið er notað sem beitiland fyrir búfé.

Landið hallar frá austri og niður til norð-vesturs að Þjóðvegi. Halli er nokkuð jafn. Hæsti punktur er í um 68 m og lægsti í um 38 m.

### 4. Fornleifar

Fornleifaskráning hefur farið fram á iðnaðarsvæðinu (I-1). Skráningin var upphaflega gerð árið 2002 (Fornleifastofnun Íslands, FS!&&-01171/Elín Ósk Hreiðarsdóttir), en síðar hafa verið gerðar ítarlegri rannsóknir einkum á stóriðjusvæðinu vestan Þjóðvegjar.

Unnin var ítarlegri rannsókn austan Þjóðvegjar vegna áforma um færslu háspennulína og tengivirkis, en sú breyting er nú í ferli aðalskipulagsbreytingar breytingar á aðalskipulagi þar sem háspennulínur voru færðar til. (Fornleifastofnun Íslands, FS491-12061 Elín Ósk Hreiðarsdóttir og fl.)

Samkvæmt þessum rannsóknnum eru engar skráðar fornminjar innan skipulagssvæðisins. Vísað er til 24. gr. laga um menningarmínjar (nr.80/2012) þar sem segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins.“

### 5. Umhverfisáhrif

Á deiliskipulagssvæðinu er gert ráð fyrir þremur lóðum undir iðnaðarstarfsemi. Stærsta lóðin verður skipulögð m.t.t. þarfa steypustöðvar, en gæti einnig nýst undir aðra plássfreka atvinnustarfsemi ef svo ber undir.

Starfsemin fellur ekki undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og þar af leiðandi ekki undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Í skipulagstillögu verður þó fjallað um helstu umhverfisáhrif áformanna. Er þá einkum horft til áhrifa á ásynnd svæðisins en einnig áhrifa á grunnvatn í tengslum við fráveitu. Að auki verður umfjöllun um möguleg áhrif á atvinnulíf.

### 6. Skipulagsferli

#### Kynning og samráð.

Skipulagslýsing þessi verður send Skipulagsstofnun til umsagnar, einnig verður leitað eftir sjónarmiðum annarra viðkomandi umsagnaraðila: Umhverfisstofnun, Minjavernd ríkisins, Vegagerð ríkisins (Samgöngustofa). Lýsingin verður einnig kynnt almenningi á heimasíðu Norðurþings og hún hengd upp til sýnis og kynningar á skrifstofu sveitarfélagsins. Þannig gefst almenningi tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum við lýsinguna.

Tillaga að deiliskipulagi er kynnt á vinnslustigi og unnið úr athugasemdum. Að lokinni gerð deiliskipulagstillögu verða gögnin auglýst og kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum með birtingu



þeirra á heimasíðu og á opnu húsi á skrifstofu Norðurþings. Auglýstur umsagna- og athugasemdafrestur er 6 vikur.

Samþykkt deiliskipulags verður send Skipulagsstofnun (innan 8 vikna frá því að athugasemdafrestur rann út). Skipulagsstofnun kemur athugasemdum á framfæri innan 3 vikna frá því að skipulagsgögn bárust. Bæjarstjórn birtir auglýsingu um gildistöku í Stjórnartíðindum (innan 3 mán. frá endanlegri afgreiðslu bæjarstjórnar).

Auglýsing deiliskipulagsins fer skv. 1. mgr. 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**Tímaáætlun.** Ferlið er áætlað sem hér segir (lágmarkstími):

11.12.2013	Tillaga að skipulagslýsingu skipulagsverkefnis lögð fyrir skipulagsnefnd
17.12.2013	Tillaga að skipulagslýsingu skipulagsverkefnis lögð fyrir bæjarstjórn
19.12.2013	Skipulagslýsing auglýst og send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum. Einnig birt á heimasíðu Norðurþings. Athugasemdafrestur gefinn til 03.01.2014.
08.01.2014	Tillaga að deiliskipulagi lögð fyrir skipulagsnefnd.
13.01.2014	Skipulagstillaga kynnt íbúum á opinberum fundi.
21.01.2014	Tillaga að deiliskipulagi lögð fyrir bæjarstjórn
23.01.2014	Deiliskipulagstillaga auglýst og send umsagnaraðilum. Einnig birt á heimasíðu og á skrifstofu Norðurþings.
12.03.2014	Skipulagsnefnd fjallar um athugasemdir, ef einhverjar eru og samþykkir viðbrögð við þeim.
18.03.2014	Tillaga að deiliskipulagi lögð fyrir bæjarstjórn og samþykkt til auglýsingar.
19.03.2014	Samþykkt deiliskipulag sent Skipulagsstofnun.
30.04.2014	Gildistaka deiliskipulags auglýst í Stjórnartíðindum.

## 7. Heimildir

Alta, 2010. Aðalskipulag Norðurþings 2010-2030.

Fornleifastofnun Íslands, 2002. Fornleifaskráning á Húsavík. FS166-01171 Reykjavík 2002 Elin Ósk Hreiðarsdóttir. Reykjavík.

Fornleifastofnun Íslands, 2012. Skráning fornleifa vegna háspennulína að Bakka á Tjörnesi. FS491-12061 Elin Ósk Hreiðarsdóttir, Adolf Friðriksson, Howel Magnús Roberts. Reykjavík.